



Myndir: Dagný Dögg Steinþórsdóttir.

Hugrakkt og hæfileikaríkt fólk í Skjálftanum

Skjálftinn er árleg hæfileika-keppni sunnlenskra ungmenna þar sem krakkar í grunnskóla á elsta stigi fá kost á að láta ljós sitt skína og fara með verk eftir sig sjálf. Keppnin fór að þessu sinni fram í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn síðustu helgi. Verkin voru hver öðru áhrifaríkari og sendu þau öll öflugan boðskap út í samfélagið.

Í ár bar Vallaskóli sigur af bótum annað árið í röð en þau sigruðu líka Skjálftann 2024.

Hópur nemendanna sem tók þátt fyrir hönd Vallaskóla fór með verkið *Litríkir Skuggar* og stóð hópurinn sig stórfenglega. „Verkið speglar bakslagið sem dynur á hinsegin samfélaginu og eflir þá vonarbaráttu um viðsnúninginn að ljósinu sem beinir okkur í rétta átt.“

Í öðru sæti var Grunnskólinn í Hveragerði með verkið *Þori*, get og vil og í þriðja sæti var Reykholtsskóli með verkið *Steríó-týpur*.

Dórnafndina skipaði Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir söngkona, Mikael Emil Kaaber leikari, Ágústa Eva Erlendsdóttir söng- og leikkona og Tómas Jónsson tónlistarmaður. Dansakademían á Selfossi sá um opunaratriði með atriðið *Housewives* sem tók þátt í heimsmeistaramóti Dance World Cup síðastliðið sumar á Spáni. Söngkonan Diljá tók svo Skjálftalag ársins, Power.

Það vekur sérstaka athygli að sami leiðbeinandi, Íris Dröfn

Kristjánsdóttir, hefur staðið að baki þessum glæsilegu sigrum Vallaskóla bæði árin. Leiddi Íris enn fremur Grunnskólann í Hveragerði til sigurs í Skjálftanum árið 2023 þegar hún var kennari þar og leiðbeinandi hópsins.

Íris Dröfn hefur haft brennandi áhuga fyrir að setja þessi verkefni upp og allt sem snýr að leiklist og á mjög gott með að vinna með ungu fólki, og ég veit að vinnan sem hún lagði í verkefnið hefur verið ómæld.



Fáðu fagmann í verkið

**Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is



Eyravegur 51
800 Selfoss
Sími 590-6996

AÐALSKOÐUN

býður í aðventukaffi

11. desember kl. 9 -12

Lokað verður fyrir skoðanir á meðan viðburði stendur



**DAGAR
TIL JÓLA**

20

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

**SÚPER
LAGNIR**

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Símin hjá okkur er 664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is



**Breytt leiðakerfi
á Suðurlandi**

1. janúar 2026



straeto.is



Jólasýning, skáldastund, barnagleði og jólatöfrar á safni

Jólaandinn mun svífa yfir vötnunum á Byggðasafni Árnesinga á aðventu. Gömul jólatré skreytt lyngi og ljósum, kórsöngur, ljúf stofustemning, ullarvinna, barnabókastund, músastigar og jólasveinabruður í felum. Allt þetta og miklu meira verður hægt að upplifa á aðventunni í Húsinu á Eyrarbakka, ókeypis aðgangur. Opnað var á sunnudaginn 30. nóvember og verður opið sunnudaganna 7. og 14. desember klukkan 13:00 – 17:00 og eitthvað nýtt verður á dagskrá alla þessa daga. Jólasýningin okkar verður á sínum stað og okkar dýrmætu gömlu jólatré verða í forgrunni. Á sama tíma er jólatorgið á Eyrarbakka opið þar sem margt er í boði.

Hin hefðbundna „Skáldastund í Húsinu“ var á sunnudaginn 30. nóvember klukkan 15:00 en þá komu rithöfundar sér vel fyrir í stásstofunni og lesa úr nýttkomnum verkum sínum. Boðið var upp á ólíka höfunda sem allir hafa getið sér gott orð fyrir ritverk sín hvort sem það eru spennusögur, skáldsögur, skáldæfisögur, smásögur eða ljóðagerð. Þeir höfundar sem komu í heimsókn í ár voru Bjarni M. Bjarnason, Hrafn Andrés Harðarsson, Nína Ólafsdóttir, Sigríður Hagalín Björnsdóttir, Pjetur



Hafstein Lárusson og Þórunn Valdimarsdóttir.

Sunnudaginn 7. desember ríkir látlaut og hlýlegt andrúm þar sem hægt verður að njóta friðsællar stundar við að fönndra músastiga og narta í piparkökur.

Sannkölluð jólaveisla verður í safninu sunnudaginn 14. desember en þá kemur Nanna Rögnvaldardóttir og verður með áhugaverða barnabókastund. Unglingakór Selfoskirkju undir stjórn Edit Molnár flytur jóla-lög, ullarmeistarinn Ásthildur Magnúsdóttir kynnir gömlu handtök tóvinnunnar og orgelsmiðurinn Björgvin Tómasson



færir okkur tónlistarundur líru-kassans. Jólasýningin rómaða verður auðvitað opin.

Einn góðan tiltekinn dag á aðventu mun safnið opinbera einn jólaglugga sem er hluti af jóla-leik Árborgar. Leikurinn gengur út á að finna bókstafi í ólíkum gluggum um allt sveitarfélagið og raða þeim inn í orðagátu. Hægt er að nálgast leikinn sjálfan hjá okkur á opnunartíma en einnig á fjölmörgum stöðum og á netinu. Glugginn mun blasa við dag og nótt.

Byggðasafni Árnesinga býður gesti innilega velkomna á aðventu og aðgangur er ókeypis.

Desember listamaður í Gallery Listaseli á Selfossi

Margret Jóna Þórhallsdóttir er desember listamaður í Gallery Listaseli á Selfossi og verður hún með opnun laugardaginn 6. des. frá 14-16. Margret Jóna er myndlistakennari og hefur tekið ýmis myndlistanámskeið bæði hér heima og erlendis. Þetta er þriðja einkasýning hennar og heitir sýningin LITRÍK SVART/HVÍTT og er blómin og náttúran hennar aðal innblástur.

Allir hjartanlega á opnunina, léttar veitingar í boði.



FJÖLSKYLDU TILBOÐ

7.990 kr.

4 ostborgarar
4 skammtar af frönskum
4 kokteilsósar
og 2L Pepsi Max.



KÍKTU Á
MÁTSEÐILINN
OKKAR!



skallisel.is

Skalli
Sá svalasti í bænum

Austurvegur 46, 800 Selfoss

483-1111



Roðagyllum heiminn!

Þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi, hófst árlegt átak Soroptimista um allan heim og því lýkur 10. desember, á alþjóða mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna.



Nú í ár ber átakið yfirskriftina „Þekktu rauðu ljósin“, þar sem áhersla er lögð á að við lærum að þekkja viðvörunarþjöllurnar og bregðast við.

Kynbundið ofbeldi birtist á margan hátt, sem andlegt, líkamlegt, kynferðislegt, fjárhagslegt og/eða stafrænt ofbeldi og þá gjarnan sem neteltihrellir.

Soroptimistaklúbbur Suðurlands mun vekja athygli á þessum dögum með því að lýsa upp nokkrar byggingar á Suðurlandi í appelsínugulum lit og flagga fánum í sama lit.

Klúbbsystur verða með blómasölu á Facebook, með heimsendingu 28. nóvember og 5. desember, auk blómasölu í miðbæ Selfoss laugardaginn 29. nóvember.

GK bakarí er dyggur stuðningsaðili og ætlar að vera með tilboð og mun hagnaðurinn renna til okkar í Sigurhæðum eins og blómin frá Espíflöt. Soroptimistaklúbbur Suðurlands stendur fyrir göngu laugardaginn 29. nóvember frá Sigurhæðum í miðbæinn. Sigurhæðir eru þolendamiðstöð fyrir konur, gegn kynbundnu ofbeldi.

Gangan er öllum opin og lagt verður af stað kl. 13.00 frá Fagurgerði 2. Selfossi.

Þátttakendur eru hvattir til að klæðast eða bera með sér eitthvað appelsínugult.

Við hvetjum alla sem vilja styðja baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi til að ganga með okkur og hjálpa til við að vekja athygli á þessu brýna samfélagsmáli.

Fh. Soroptimistaklúbbs Suðurlands Jarþrúður Jónsdóttir Sigríður Munda Jónsdóttir

Regnboginn umlykur Egil Thorarensen

Þjóðsagan segir að regnboginn sé tákni um sáttmála guðs og manna. Hver sá sem kemst undir regnboga á óskir eða finnur fjármuni undir endum hans.

Hinsvegar fylgdi Agli Thorarensen slíkur kraftur að hann bar nafnið Jarlinn af Sigtúnum. Egill er guðfaðir Selfoss og Þorlákshafnar. Hann stóð ungur maður á Kambabrun og hét því að verja lífi sínu í að efla þetta mikla „Konungsríki,“ guði og mönnum til dýrðar. Styttan af Agli heilsar gestum og gangandi og minnir á mikla sögu og afrek Egils og kynslóðanna.



Guðni Ágústsson

Mynd: Jaime Rojo

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bládamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis og þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottu prentsmíða

Gáta vikunnar

Er á hverjum heilum haus, hæst ber oft á flestum könnum. Bær, hvar fæddist röfl og raus, ruddalending ætluð mönnum.

Svar við gátu í blaði 2830: **HLJÓÐ**
1. Hljóð sem heyrir - 2. Reka upp hljóð
3. Þögn, gefa hljóð - 4. Tala í hálfum hljóðum



Sunnlenski
matgæðingurinn

Kjúklingur í Tikka masala

Margrét Karlsdóttir er matgæðingur vikunnar.

Takk kærlega fyrir áskorunina elsku Bryndís. Ég ætla að deila hér með ykkur uppskrift að kjúkling í Tikka Masala-sósu sem er mjög vinsæll á mínu heimili.



Í hann þarf eftirfarandi:

- 4 stk. kjúklingabringur
- 2 tsk olía til steikingar
- Salt og pipar
- 500 ml Patak's tikka masala sósa
- 400 ml. kókosmjólk
- 1 stk. papríka
- 1 stk. laukur

léttsteikið á pönnunni með kjúklingnum.

Bætið tikka masala sósu út á pönnuna og látið malla í 15 mínútur eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Kokosmjólkinni er hrært í rétt áður en rétturinn er borinn fram.

Best að bera fram með hristigrjónum, naanbrauði með smjöri og ferskum kóríander.

Skerið kjúklingabringur í bita og steikið á pönnu með olíu við meðalhita.

Kryddið með salti og pipar og steikið þar til bitarnir hafa brunast.

Skerið papríku og lauk og

Ég vil skora á Sigurbjörgu Söru Sveinsdóttur í næsta matgæðing vikunnar.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Berglind syngur jólalagið með Karlakór Selfoss

Berglind Magnúsdóttir syngur lag Björgvins Þ. Valdimarssonar, Jólajöfin í ár, á tvennum tónleikum Karlakórs Selfoss nú á aðventunni. Lagið er í úrslitum jólagakeppni Rásar 2 en þar syngur Berglind lagið ásamt Karlakór Selfoss við undirleik Lúðrasveitar Þorlákshafnar. Fyrri tónleikar Karla-

kórs Selfoss eru næstkomandi mánudagskvöld, 8. desember í Skálholtskirkju, og hefjast þeir klukkan 20 og seinni tónleikarnir eru í Selfosskirkju þriðjudagskvöldið 16. desember og hefjast einnig kl. 20. Auk umrædds lags sem sungið er af Berglindi með kórnum flytur kórinn hefðbundin jóla-lög úr ýmsum áttum.



Berglind Magnúsdóttir söngkona æfir hér lag sitt með karlakór Selfoss undir stjórn Skarphéðins Hjartarsonar kórstjóra og Jóns Bjarnasonar undirleikara.

**TM**

Gleðileg Töl
og farsælt komandi ár

Við hjá TM þökkum samfylgdina á árinu
sem er að líða og óskum þér og þínum
tjónlausrar farsældar 2026.

TM er hluti af Landsbankanum



Fjölskyldan ætíð í fyrirrúmi

Aðventan er handan við hornið og það er alltaf ákveðin hlýja í umhverfinu þegar jólaljósín eru kveikt og lýsa upp skammdegið. Íbúar og fyrir-tæki í Árborg láta ekki sitt eftir liggja í þeim efnum og nú eru þéttbýliskjarnarnir að lýsast upp

og nær það hámarki um helgina þegar kveikt verður á jólatrján-um á Stokkseyri og Eyrarbakka á fyrsta í aðventu. Það er fjölmargt skemmtilegt sem tengist Jólum í Árborg framundan, og má þar nefna hinn árlega ratleik Jólaluggann, sem hefst 1. des-

ember nk. í bókasafni Árborgar á Selfossi. Viðburður sem upplagt er fyrir alla fjölskylduna að taka þátt í. Hér og þar um samfélagið er svo að finna viðburði og upptökur á vegum samtaka og menningarhópa sem alltaf skipa sess í aðdraganda jóla. Ekki má gleyma jólasveinunum sem koma úr Ingólfsfjalli laugardaginn 13. desember og verður tekið á móti þeim í miðbæ Selfoss kl. 16 þann dag.

Fjölgun leikskólapláss

Leikskólamála hafa verið í forgrunni bæjaryfirvalda á árinu. Nýtt fyrirkomulag leikskóla, með lækkun mánaðargjalds og innleiðingu skráningardaga var samþykkt áfram eftir góða reynslu foreldra, barna og starfsmanna á tilraunátímanum. Veturinn 2024-2025 voru innan allra leikskóla í Árborg í heildina aðeins um sjö lokunardagar vegna forfalla og á tveimur leikskólum þurfti aldrei að grípa til lokunar deilda. Slíkt er frábær þróun sem mikilvægt er að styðja enn frekar við til framtíðar. Auk þess var ákveðið að bjóða upp á upplæðingarskeið í öllum leikskólum sem hluta af aðlögun barna við upphaf leikskólagöngu. Námskeiðin hafa fengið góð viðbrögð enda markmiðið að efla fræðslu og samtal milli leikskóla og foreldra.

Nýjar leikskóladeildir voru opnaðar í leikskólanum Jötunheimum á árinu og bætti sveitarfélagið því við um tuttugu rýmum. Því var hægt að bjóða leikskólapláss fyrir öll börn sem urðu 18 mánaða gömul við upphaf aðlögunar sl. haust. Til þess að koma til móts við foreldra hefur niðurgreiðsla til foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra verið hækkuð. Einnig var fest í sessi hækkun á niðurgreiðslu til foreldra barna sem verða 18 mánaða og eru með umsókn um leikskólapláss. Sem dæmi hækkar niðurgreiðsla ef barn verður t.d. 18 mánaða í janúar og fær síðan leikskólapláss í sumar. Foreldrar greiða þá á þeim tíma sambærilegt gjald og það væri á leikskóla.

Enn eru tækifæri til úrbóta í málefnum ungra barna og fyrir það fyrsta þyrfti ríkisvaldið að lengja fæðingarorlof og gefa foreldrum meira frelsi til ráðstöfunar á sínu orlofi. Slíkt væri gott skref í að hjálpa foreldrum að vera lengur með barni fyrstu árin ásamt því að draga úr bilinu milli loka fæðingarorlofs og upphafs leikskólagöngu eða annarrar dagvistunar. Á næsta ári er svo gert ráð fyrir að fjölga leikskólaplássum um fjöru og er það í takt við áherslur okkar um góða þjónustu við barnafjölskyldur.

Bragi Bjarnason

bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



Fjölskylduvænt samfélag

Samfélagið hér í Árborg er vinsælt og íbúum fjölgar á degi hverjum. Það er ánægjulegt að allir aldurshópar horfi til okkar góða samfélags og við finnum að barnafjölskyldur eru í talsverðum meirihluta. Sá sem hér skrifar getur vel tekið undir það að hér sé frábært að ala upp börn. Hér er gott starf hjá leik- og grunnskólum, fjölbreytt frístundastarf, öflug menning, þægilegar samgöngur, stutt í útivistarsvæði og öruggt umhverfi. Íbúðaverð er lægra en á höfuðborgarsvæðinu, þjónustustig hátt, skemmtilegur miðbær og stórt atvinnusvæði. Nær það í raun yfir mest allt suðvesturhornið sem gerir Árborgarsvæðið að frábærri staðsetningu fyrir alla aldurshópa.

Að lokum vona ég að sem flestir njóti aðventunnar og viðburða hér um allt næstu vikurnar. Ég minni á að á svæðinu er hægt að finna allt í jólainnkaupin: Með því að versla í heimabyggð styðjum við hvort annað í að viðhalda öflugum samfélagi í allra þágu.

Hittumst í Hellisskógi á sunnudaginn!

Þá er komið að síðustu göngu Ferðafélags Árnesinga. Að venju verður félagið með fjölskyldugöngu í Hellisskógi sunnudaginn 7. desember. Lagt verður af stað frá bílplaninu í Hellisskógi kl. 10:00 og gengið að Hellinum þar sem við munum gæða okkur á heitu súkkulaði og gúffa í okkur smákökum. Þetta er létt og þægileg ganga en

hált getur verið á stígnum og því gott að hafa göngubrodda með, vasaljós geta einnig komið sér vel í upphafi göngu. Allir velkomnir og tilvalið að taka börnin með.

Dagskrá næsta árs hjá Ferðafélagi Árnesinga er komin á heimasíðu félagsins og hana er einnig að finna á fésbókarsíðu félagsins. Félagið fór í margar

frábærar göngur á árinu sem er að líða og fylgja hér með nokkrar myndir. Félagið vill hvetja íbúa í Árnessýslu til að kynna sér starfsemi félagsins. Allir velkomnir með í göngu hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki.

Stjórn FFAR
www.ffar.is





HARPA
ÚTFARARSTOFA



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

STJÖRNUKÓR SELFOSSKIRKJU

KÓRNÁMSKEIÐ FYRIR
BÖRN FÆDD 2019-2020

Fjögurra skipta námskeið
Æfingar

- Mánudagur, 8. desember kl. 16:00-16:40
- Fimmtudagur, 11. desember kl. 16:00-16:40
- Föstudagur, 12. desember, kl. 16:00-16:40

Kórinn mun að lokum syngja í helgistund á undan jólaballi kirkjunnar 14. desember kl. 11:00

Stjórnendur
Bergþóra Kristinardóttir
Edit Molnár

Þátttaka er ókeypis
Skráning hjá berg.runars@gmail.com



ADVENTAN Í BLÓMABORG - HYRAGERÐI


ALLT AÐ GERAST Í BLÓMABORG

JÓNAS SIG
MAGNÚS ÞÓR
KRISTRÚN
KRISTJÁNS

MUGISON
LJÓÐAKVÖLD
HANDVERKSMARKAÐUR
MÖNTRUKVÖLD



DAGSKRÁ OG MIÐASALA WWW.BLOMABORG.IS



LYFSEÐILSSKYLD LYF **FRÍTT HEIM**

Heimsending að jafnaði innan klukkustundar í Lyfju appinu.



Sæktu
Lyfju appið

Rafvirkjar



Fossraf ehf. óskar eftir að ráða til starfa aðila sem hefur reynslu af rafvirkjun. Til greina kemur að ráða inn nema samhliða öðrum ráðningum. Við leitum að starfsfólki sem er laghent og fellur vel að góðum hópi starfsfólks okkar. Boðin eru samkeppnishæf laun.

Starfssvið

- Almenn rafvirkjun.
- Þjónustuheimsóknir til viðskiptavina.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafvirki, rafeindavirki eða aðili með góða reynslu.
- Drifkraftur og hæfni til að leiða verkefni og/eða hópa.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Fossraf ehf. er að hluta í eigu Fastus ehf. og á sameiginlegu tækni-sviði starfa margir tæknimenn. Félagið þjónustar mörg af stærri fyrirtækjum og stofnunum landsins. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Nánari upplýsingar veitir Birkir Pálsson, birkir@fossraf.is og í síma 897-1855.

Stafræn lausn fyrir gjafakort og vildarkjör í miðbæ Selfoss

Miðbær Selfoss kynnir nýtt Miðbæjarkort sem sam-einar gjafakort og vildarkort í einni stafrænni lausn. Kortið er innleitt í samstarfi við Kristján Eldjárn og hugbúnaðarfyrirtæki hans, SmartCard, og er nú aðgengilegt öllum.

„Við vildum gera þetta einfaldara fyrir alla“

„Við höfum undanfarin ár verið með hefðbundin gjafakort sem virkuðu eins og debetkort. Þau hafa reynst ágætlega, en við sáum líka að þau týndust oft eða gleymdust heima, jafnvel áður en inneignin var nýtt. Okkur langaði að taka þetta skrefinu lengra og gera upplifunina miklu þægilegri,“ segir Davíð Lúther Sigurðarson verkefnastjóri hjá Miðbæ Selfoss.

Miðbæjarkortið er alfarið stafrænt og geymist í símaveskinu. „Flestir eru með símann á sér allan daginn, þannig að Miðbæjarkortið er í raun alltaf við höndina,“ bætir Davíð Lúther við.

Meira en gjafakort, afslættir og sérkjör í miðbæ Selfoss

„Við köllum þetta Miðbæjarkortið, því það er miklu meira en gjafakort. Þetta er líka vildarkort þar sem handhafar fá afslætti og sérkjör í fjölmörgum verslunum og veitingastöðum í miðbænum, sem dæmi er 50% afsláttur á fjölskyldutónleika á Þorlákssmessu með bræðrunum

Ingó & Gumma,“ segir Davíð Lúther.

Hann bendir sérstaklega á að þegar fyrirtæki gefa Miðbæjarkortið til starfsmanna sem dæmi í jólagjöf sé það skattfrjáls gjöf, öfugt við hefðbundin bankakort sem flokkast sem laun og bera skatta.

Íslensk hugbúnaðarlausn þróuð á Selfossi

Lausnin var hönnuð og þróuð af Kristjáni Eldjárn og fyrirtækinu SmartCard.is.

„Kristján er ótrúlega fær forritari, og það skemmir ekki fyrir að hann er líka rekstraraðili í miðbænum, eigandi Konungskaffi ásamt Silju Hrund eigin konu hans. Hann þekkir því vel þarfir bæði verslana og viðskiptavina. Það var frábært að geta keypt þessa lausn sem er þróuð hér heima,“ segir Davíð Lúther.

Auðvelt að setja kortið upp og aðstoð á Konungskaffi

Sótt er um Miðbæjarkortið á vef miðbæjar Selfoss. Farið er í tölvupóst og bætt við Miðbæjarkortinu í símann.

„Flestir ættu að geta sett kortið upp á nokkrum sekúndum. Fyrir þá sem vilja eða þurfa hjálp verða starfsmenn á Konungskaffi til staðar næstu daga til að aðstoða,“ segir Davíð Lúther.

www.midbaerselfoss.is



Mynd: Aðsend.

Aðventuhátíð í Flóahreppi

Menningarnefnd Flóahrepps, í samstarfi við sópransöngkonuna Berglindi Björk Guðnadóttur, býður íbúa og gesti hjartanlega velkomna á aðventuhátíð í Félagslundi þann 4. desember 2025. Húsið opnar kl. 18:00 og hefst dagskráin kl. 18:30.

Dagskráin verður stútfull af skemmtilegu og fjölbreyttu efni fyrir alla aldurshópa — söngur, dans, tónlistaratriði og jólagleði í ríku mæli.

Á staðnum verður kakóbar, kruðerí og ýmislegt skemmtilegt fyrir alla fjölskylduna. Börn geta einnig fengið myndatöku með jólasveininum.

Miðasala fer fram á floahreppur.is.

Nánari dagskrá og upplýsingar má finna á floahreppur.is, á Instagram @menningifloa, Facebook Tónahátíð / Fjör í Flóa og á Facebook-síðu Flóahrepps.

Hlökkum til að taka á móti ykkur og eiga frábæra kvöldstund saman.

Gleðilega hátíð.

Menningarnefnd Flóahrepps



Helgihald um aðventu og hátíðir í Skálholtsprestakalli

30. nóvember – Fyrsti sunnudagur í aðventu

Skálholtsdómkirkja: Messa kl. 11

Eyvindartunga: Aðventukvöld Miðdalssóknar kl. 19

7. desember – Annar sunnudagur í aðventu

Skálholtsdómkirkja: Hinn árlegi helgileikur barna og unglinga kl. 11

Kakó og smákökur á eftir

14. desember – Þriðji sunnudagur í aðventu

Skálholtsdómkirkja: Messa kl. 11

21. desember – Fjórði sunnudagur í aðventu

Skálholtsdómkirkja: Minningarmessa Þorláks helga kl. 11

Heitir drykkir í Þorlákshúð á eftir

24. desember – Aðfangadagur

Stóruborgarkirkja í Grímsnesi: Fjölskyldujólamessa kl. 13

Sólheimakirkja: Aftansöngur kl. 16

Skálholtsdómkirkja: Aftansöngur kl. 18

Skálholtsdómkirkja: Jólahátíðarmessa kl. 23.30

25. desember – Jóladaður

Skálholtsdómkirkja: Hátíðarmessa kl. 14

Þingvallakirkja: Hátíðarmessa kl. 14

26. desember – Annar jóladagur

Bræðratungukirkja: Hátíðarmessa kl. 14

Kirkjukaffi á bænum eftir messu

27. desember – Þriðji jóladagur

Úthlíðarkirkja: Jólamessa kl. 14

Kirkjukaffi í Réttinni eftir messu

28. desember – Sunnudagur milli jóla og nýárs

Skálholtsdómkirkja: Messa á barnadeginum kl. 11

Haukadalskirkja: Jólamessa og safnaðarfundur kl. 14.

Kirkjukaffi á Hótel Geysi.

31. desember – Gamlársdagur

Miðdalskirkja: Jóla- og áramótamessa kl. 11

Sólheimakirkja: Aftansöngur kl. 16

Skálholtsdómkirkja: Aftansöngur kl. 17

1. janúar – Nýársdagur

Torfastaðakirkja: Hátíðarmessa kl. 14

Þingvallakirkja: Hátíðarmessa kl. 14

SKANNIÐ

OR-kóðann til að sjá alla viðburði!



VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



Í HESPUHÚSINU FÁST FALLEGAR, FRÆÐANDI
OG FJÖLSKYLDUVÆNAR JÓLAGJAFIR



Flóruspilið



Jólasveinaspilið



Fuglaspilið

TVÆR
STÆRÐIR

Lítill 80 x 115 cm

Miðlungs
105 x 130 cm

ÍSLENSK ULLARTEPPI

Teppin eru vélprjónuð
á Íslandi úr íslenskri ull.

KRAKKA-
TEPPI



HESPA

Hespuhúsið er opin jurtalitunarvinnustofa þar sem gestir geta kíkt í pottana og fræðst um gamalt handverk. Á aðventunni verður boðið upp á heitt súkkulaði með rjóma á laugardögum og á þorláksmessu og alltaf kaffi á könnunni.

Opnunartímar til jóla:

Alla daga nema sunnudaga frá 10-17.

Eða eftir samkomulagi hvenær sem er.

Hespuhúsið, beygt inn Árbæjarveg við Toyota á Selfossi | Sími 865 2910 | hespa@hespa.is | hespa.is

Jólamarkaður á Flúðum 2025

Jólamarkaðurinn á Flúðum hefur nú þegar markað sér sess í
upphafi jólaundirbúnings á fjölmörgum heimilum.

Markaðurinn verður haldinn laugardaginn 6. desember 2025
milli kl. 13:00 og 16:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Fjölbreytt vöruúrval, jólasveinar
gleðja ungviðið, veitingar og ljúf stemning.

Næstu útgáfur Dagskrárinnar



Fimmtudaginn **11. desember**
Jólablað Dagskrárinnar

Fimmtudaginn **18. desember**
Síðasta blað ársins

Fimmtudaginn **8. janúar**
Fyrsta blað ársins

ENGJALAND 4 SELFOSSI

Opið hús
fimmtudaginn
4. desember
kl: 15:00 - 16:00

- NÝTT OG VANDAÐ FJÖLBÝLI
- FYRIR 55 ÁRA OG ELDRI
- GEYMSLA FYLGIR HVERRI ÍBÚÐ
- BÍLASTÆÐI Í KJALLARA
- 5 AF 14 ÍBÚÐUM ÞEGAR SELDAR



LÖGMENN
SUÐURLANDI
FASTEIGNASALA



Sigurður Sigurðsson
löggtitur fasteignasali
Sími 690 6166 e-mail sigurdur@log.is



Hallgrímur Óskarsson
löggtitur fasteignasali
Sími 845 9900 e-mail halli@log.is

Hátíðarandi á fyrsta sunnudegi í aðventu

Það ríkti mikill hátíðarandi á fyrsta sunnudegi í aðventu þegar Þorlákshafnar kirkja fylltist af fólki sem naut fallegrar aðventuhátíðar. Þar fluttu kór Þorlákshafnar og Hjallasóknar, Söngfélag Þorlákshafnar, Barnakór Grunnskóla Þorlákshafnar og Lúðrasveit Tónlistarskóla Árnesinga notalega tónlist. Fermingarbörn gengu inn með ljósið og fyrsta kerti adventukransins var tendrað. Halldór Sigurðsson, fyrrverandi skólustjóri, flutti hugvekjum jólahefðir og skemmtilegar bernskuminningar.

Síðar um daginn var haldin fjölskylduskemmtun í Versölum. Upphaflega átti viðburðurinn að fara fram í Skrúðgarðinum, en vegna veðurs var

skemmtunin færð inn. Ljósín á bæjarjólalátrénu voru kveikt í Skrúðgarðinum. Lúðrasveit Þorlákshafnar og barnakór grunnskólans sungu ljúfa jólalög. Að því loknu skemmtu Skjóða og Langleggur með hressilegri jólasögu úr Grýluhellinum, og í lokin komu jólasveinarnir Hurðaskellir og Gáttaþefur við mikinn fögnuð yngstu barnanna. Kiwanismenn buðu öllum heitt kakó og piparkökur og fóru allir heim saddir og sælir.

Þessi hátíðlega og gleðilega byrjun á adventunni sýnir að jólastemningin hefur sannarlega gert vart við sig í Ölfusi.

Sveitarfélagið Ölfus



Mynd: Sveitarfélagið Ölfus/olfus.is



Mynd: Sveitarfélagið Ölfus/olfus.is



ALLAR JÓLABÆKURNAR Á EINUM STAÐ

AÐ AUKI ALLSKONAR DÝRGRIPIR
FYRRI TÍMA, GJAFAVÖRUR FYRIR
ALLA BÓKAMENN.

JÓLABÓKA- UPPLESTUR

FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ
4. DESEMBER KL. 20-22

Óskar Magnúss
Draumei Aradóttir
Sigurður Sigursveinsson
Margrét Gísladóttir
Óli Gränz
Hermann Árnason
Kristján Einarsson

Notaleg stemning við kertaljós, kakó og smákökur.

Bókakaffið

Umf. Selfoss með sjö lið á haustmóti eldri flokka

Helgina 29. - 30. nóvember stóð Fimleikasamband Íslands fyrir Haustmóti eldri flokka og var það að þessu sinni haldið í Stjörnunni, Garðabæ. Selfoss átti þar 7 lið og var virkilega gaman að hefja keppnistímabilið hjá þessum hópum.

Keppnin í 1. flokki var mjög spennandi en þar voru komin 7 lið til þess að keppast um þátttökurétt á Norðurlandamóti. Selfoss átti þar tvö lið, stúlkna lið og mixlið. Dagurinn var frábær og liðin sigruðu sína flokka og eru á leið á NMJ í Noregi í apríl. Stórkostleg frammistaða!

Selfoss átti eitt lið í 2. flokki og voru þær tilbúnar í þetta fyrsta mót. Einhverjir hnökkrar urðu á æfingunum hjá þeim en heilt yfir var frammistaðan hjá liðinu góð og gaman að sjá þetta nýja lið slípast saman. Þær eiga nóg inni og við erum spennat fyrir því að sjá hvað þær munu gera í vetur. Þeirra sterkasta áhald á þessu móti var trampólín en þar lentu þær í 4. sæti og í 7. sæti samantlagt.

Í 3. flokki áttum við með 4 lið, 2 í stökkfimi og 2 í hóp-fimleikum. Liðin voru vel undirbúin en þau nýttu haustið í að setja saman umferðir eftir nýjum reglum sem voru gefnar út í sumar og gera breytingar á gólfæfingunum sínum. Það er að ýmsu að huga þegar kemur að því að uppfylla þær kröfur sem eru settar fram í reglunum og gaman að sjá hvernig liðin útfæra það. Liðin frá Selfossi skiluðu sínum æfingum vel og mega vera stolt af sér eftir daginn. Í hóp-fimleikum er haustmót nýtt til þess að skipta liðunum upp í deildir fyrir keppnisveturinn og voru liðin frá Selfossi í 1. sæti og 6. sæti sem þýðir að við eigum 2 lið í A-deildinni í vetur, en 9 efstu liðin keppa saman í A-deild. Í stökkfiminu lentu liðin í 6. sæti og 9. sæti samantlagt og verður mjög gaman að fylgjast öllum þessum liðum eflast í vetur.

UMFS



2. flokkur eftir keppni á haustmóti. Mynd: UMFS.



3. flokkur hóp-fimleikar. Mynd: UMFS.



3. flokkur stökkfimi. Mynd: UMFS.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



BRUDER LEIKFÖNG Í JÓLAPAKKANN

Þú færð jólagjafir fyrir bændur á öllum aldri hjá Fóðurblöndunni



www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvalsöðullur
Dufþaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM ALLT LAND

Jólatónleikar

Miðvikudaginn 10. des. kl. 20 halda Kammerkór Eyrarbakka- og Stokkseyrarkirkna og Kirkjukór Hraungerðis og Villingaholts sameiginlega jólatónleika í Selfosskirkju. Stjórnandi er Pétur Núi Stefánsson, sem er nýlega tekinn við organistastarfi í öllum fjórum kirkjunum auk Gaulverjabæjarkirkju.

Á efnisskránni verða sígild jólalög í hátíðlegum útsetningum.

Auk kóranna koma fram nemendur og kennarar úr Tónlistarskóla Árnesinga, söngkvartett og einsöngvari. Meðleikari er Ester Ólafsdóttir.

Aðgangur er ókeypis. Verið öll hjartanlega velkomin að eiga notalega stund í aðdraganda jóla.



Gerum allt að garði

Garðurinn í kringum Listasafn Árnesinga í Hveragerði er bæði umgjörð um safnið og framlenging á því. Í tilefni af 60 ára afmæli safnsins árið 2023

ákvað safnstjóri, Kristín Scheving, að ýta úr vör langþráðu langtímaverkefni um uppbyggingu á lóð safnsins og hlúa að ræktun í garðinum eftir að hafa heimsótt söfn út um allan heim þar sem innra og ytra rými blandast. Safnið er í eigu átta sveitarfélaga sem bera veg og virðingu að framgangi þess og er ræktun garðsins nú hluti af starfsemi þess. Samlegðaráhrifin voru því fullkomin þegar greinarhöfundur setti sig í samband við Kristínu fyrir um þremur árum síðan í von um að getað unnið með garðyrkju í skapandi samhengi. Þráðurinn er hér pikkaður upp frá skrifum fyrir um ári síðan þar sem ég sagði frá hreyfingunni í garðinum og nokkur atriði eru hér tíunduð sem hafa vakið mig til umhugsunar á nýliðnu ræktunarári.

Garðar eru nærandi staðir

Aðal markmiðið með ræktun garða er að þar líði fólki vel. Ræktun garða getur svo verið gjöful á marga vegu, allt eftir því hver áherslan er. Í frjósömum garði sem hlúð er að verður lífríkið blómlegt og litríkt. Hann verður þægilegur og fallegur. Garðurinn í kringum safnið er í hægfara mótun og þróast í takti við árstíðirnar og miðar að akkurat þessu, litríki, fjölbreytileika og vellíðan.

Ég ber þá einlægu trú í brjosti að við sem samfélag förum að veita stóru og smáu grænu svæðunum í manngerðu umhverfi okkar meiri gaum og nýta þau í ríkulega mæli okkur sjálfum til góða. Eða ganga enn lengra og gera eins og bandarísk-japanski listamaðurinn David Horvitz skrifar „Make Gardens Everywhere“, að rækta garða alls staðar eins og hann boðaði í nýju myndlistarverki sem hann sýndi á sýningunni Geislagarðurinn í Y Gallery í Hamraborginni í vor.

Á hraða árstíðanna

Í samfélaginu virðast langtímahugsun og -markmið oft þurfa að víkja fyrir skjóttum ávinningi og skammvinnnum gróða. Með ræktun í garði safnsins spyrnum við eilítið við þessu, meðvituð um að við sem stöndum að ræktuninni munum ef til vill fyrst á elliárum horfa upp í stórar trjákrónur. Vesalings berjahlírnar gætu orðið fljótari að komast á legg. Berin voru fá en safarík í ár og hver veit nema greinum muni fjölga og lafskrúðið þétt-

ast svo klasar af sólberjum og rífsberjum af ýmsum gerðum muni drjúpa úr greinabykkni eftir fáein ár.

Öllu jafna er gæfulegt að horfa til plönturíkisins og þess máttar sem þar býr til að rækta heilbrigða sál og hraustan líkama. Þar getur tími í grænu umhverfi haft heilandi áhrif í sjálfu sér og haft í för með sér aukna framleiðslu hormóna í líkamanum sem hafa jákvæð áhrif á líðan okkar. Hver og ein plöntutegund þróar með sér viðbragð við þeim aðstæðum sem hún lifir í og hefur þannig til að bera ýmsa eiginleika sem geta verið gagnlegir fyrir okkur mannfólkið. Í kaldara loftslagi vaxa plöntur hægar en í tempruðu og þær eru því þéttari í sér, hlutfall þurrefnis er hærra og þar með hlutfall virkra efna en í þeim sem vaxa hraðar.

Að rækta á Íslandi

Fjöldi plantna sem hafa verið notaðar í lækningaskyni vaxa villtar á Íslandi, svo sem vallhumall, mjaðurt, hvönn, fjallagrös, rauðsmári, mariustakkur, blágresi og birki. Aðrar plöntur vaxa vel úti við íslenskar aðstæður séu þær forræktaðar svo sem morgunfrú, kamilla, hjartafró og ýmsar kryddjurtir, oreganó, steinselja og hvítlaukur svo fátt eitt sé nefnt. Aukinheldur eru þær sem eru fjölærar og dafna skínandi vel eins og túnfíflar og ýmsar tegundir piparmyntu og aðrar tegundir sem við góðar aðstæður geta vel sáð sér sjálfar og komist á legg eins og hjólkrónan. Í vor kom í ljós að salvían lifði veturinn af og kamilla, hjólkróna og morgunfrú sáðu sér sjálfar í garðinum og döfnuðu býsna vel í hlýju sumrinu.

Með ræktun á nytjaplöntum í garðinum er það von mín að draga athygli að ýmsum plöntum sem vaxa létilega í því loftslagi sem við búum við á Íslandi með sinni miklu samarbirtu en lága hitastigi, stutta sumri og umhlypingum vormanaða sem eru það sem reynist mörgum plöntum hvað erfiðast að aðlagast. Þetta eru allt plöntur sem eru ósköp duglegar og krefjast lítils annars en eilítis skipulags í forræktun, næringar í moldina og nokkurrar umhyggju, sem þær svo endurgjalda margfalt. Þegar þessi orð eru rituð er miður nóvember og nokkrar fjólor standa enn keikar þrátt fyrir hressilegt snjó- og kuldatímabil.

Öll augu á villigarðinum, hlutverk menningar í samfélögum

Í grýttan jarðveg bakatil í garð-

inum hafa ýmsar plöntur sáð sér og ætlunin er einfaldlega að fylgjast með þeim dafna. Í daglegu tali höfum við talað um þennan reit sem villigarðinn. Hér má þegar finna fjölskrúðugt líf, birki, reynivið, greni, kræki-berjalyng, blóðberg, hreindýramosa og fleiri tegundir. Í hvert sinn sem hugurinn reikar í litla villigarðinum verður mér hugsað til þrautseigju og áræðni manna, dýra og plantna í harðneskju og átakanlegu umhverfi um veröld víða. Mér þykir hreint ótrúlegt hve seigla mannfólksins getur verið mikil í erfiðum aðstæðum og þess hve stóran sess ræktun, matargerð, menning og listir skipa í slíkum aðstæðum.

Að þessu þurfum við að hlúa í okkar eigin samfélagi. Eins og í búlegum garðinum er fjölbreytileiki hér lykilorð því án hans erum við snauð, ekkert kaffi, taco, lasagna né silkimjúkt korma. Mín ósk væri ávallt að búa í samfélagi sem er bundið saman í þetta heild af fjölbreytilegri menningu frekar en nokkru öðru. Þar geta ræktun og garðar skipað mikilvægan sess líkt og sjá má um víða veröld í klausturgörðunum, lystigörðum, grasagörðum og fjölgandi samfélagsgörðum, hvar við erum þó nokkrir eftirbátar nágrannalanda okkar. Nokkuð er einnig að aukast að hugað sé sérstaklega að gördum í tengslum við menningarstarfsemi eins og fjölmargir garðar hins hollenska Piet Oudolf sem sérhæfir sig í fjölbreytingu gefa til kynna. Calder Gardens í Filadelfíu er þar nýjasta og framsæknasta dæmið þar sem arkitektúr og garðar mynda umgjörð um verk Alexanders Calder.

Glötuð þekking dregin fram

Grunnhugmynd ræktunarinnar er að í safngarðinum megi finna fjölda nytjaplantna, ætiblóma og lækningajurta sem skarta fjölbreytilegum litum, áferð, grófleika og virkni. Hugað er að lækningamætti þeirra, þekkingar sem kynslóðirnar á undan okkur höfðu á takteinum og nýttu sér í hversdeginum. Samhliða því að tækni og læknavísindum vatt fram glataðist dýrmæt þekking um heilandi mátt jurta úr samfélagsvitundinni. Það varð kynslóðaróf. Ég hef undanfarin ár unnið í Jurtaapótekinu og notið innblásturs og ráðgjafar frá Kolbrúnu Björnsdóttur grasalækni sem þar er húsráðandi en sú

vinna hefur opnað fyrir mér dyr inn í marglaga máttugan heim grasalækninga. Með ræktun í garðinum er lagt lítið lóð á vögarskálarnar til að endurheimta þessa gömlu þekkingu sem úreltist ekki.

Við val á sumum plöntum í garðinn hugsaði ég til skapandi ræktenda sem með eldmóði sínum og seiglu hafa haft djúpstæð áhrif á umhverfi sitt og samborgara. Ingólfur Guðnason og Hildur Hákonardóttir standa þar fremst meðal jafningja. Garðurinn teygir þannig anga sína langt út fyrir endimörk sín og veitir öðrum eldhugum vonandi innblástur til að rækta eigin garð og veita nærumhverfi sínu aukna athygli.

Teblöndur safnsins

Ég ákvað ég að útbúa tvær teblöndur safnsins sem settar eru saman úr jurtum af tegundum sem vaxa í garðinum. Aðalmarkmiðið er þar að veita fólki innblástur til að nýta nærumhverfi sitt og sjá að það þarf ekki að vera svo flókið að nýta plöntur á ýmsa vegu.

Hugmyndin að því að búa til teblöndur safnsins rann úr munni Ingólfs Guðnasonar í einhverju samtalinu fyrir alllöngu þegar ég leitaði ráðgjafar hjá honum um verkefnið en Ingólfur og námið í Garðyrkjuskólanum sýndu mér og sönnuðu að fjölbreytileg ræktun á Íslandi er ekki bara möguleg heldur augljós og góður kostur til að bæta lífsgæði á okkar gjöfuleyju. Við gætum verið mun nærri því að vera sjálfum okkur nóg með fæðuframléiðslu á Íslandi, það er einfaldlega ákvörðun sem krefst pólitískrar samstöðu. Fyrir þessi samtöl og innblástur er ég þakklát.

Teblöndurnar hlutu nöfnin Angan og Keimur. Angan er blanda sem hugsuð er til að örva og styrkja meltinguna og skerpa skilningarvitin en í henni er morgunfrú sem bæði er bólg-, bakteríu- og sveppaeyðandi, fíflablöð sem eru vökvalosandi og styrkjandi og piparmynta sem bæði örvar meltinguna og er vindeyðandi. Keimur inniheldur kamillu sem hefur bæði róandi áhrif og græðir slímhúð í meltingarfærunum, hjartafró sem hefur róandi áhrif á huga og hjarta og hefur auk þess andhistamín virkni og vallhumal sem er bæði græðandi, lækkar blóðþrýsting og er bólgu-

eyðandi. Keimur er því meira róandi blanda fyrir huga, hjarta og meltingu og hver veit nema hún opni skilningarvitin eilítið. Gestir geta nálgast teblöndurnar í safnbúðinni og á kaffihúsinu og látið ylja sér á vetrardögum.

Te, myrkur og ný bók Hildur Hákonardóttur

Nú þegar við siglum loks inn í veturinn þetta milda ár finnst mér vert að staldra við, horfa yfir sumarið og finna þá lífsorku sem okkur tókst að safna úr sumarbirtunni. Finna hvað líkaminn þarf í myrkrinu um leið og við minnum okkur á að myrkríð hefur upp á ótal margt nærandi að bjóða. Ljósíð er enda einfaldlega undantekning á myrkrinu og eins og með andstæðurnar í lífinu þá myndi hvorugt vera til án hins.

Hildur Hákonardóttir, myndvefari, rithöfundur, baráttukona, ræktandi og fyrrverandi safnstjóri Listasafns Árnesinga gefur nú út nýja bók, Ef ég væri birkitré, en útgáfu hennar verður fagnað í safninu sunnudaginn 7. desember. Þar gefst kjörið tækifæri til að kynna sér bókina, heyrna um tilurð hennar og innihald frá höfundu. Hildur hefur enda ríkulega tengingu við jörðina og smýgur hér inn í birkitréð, sem er ein af okkar allra seigustu plöntum sem hefur enda átt bólstað sinn hér á landi allt frá landnámi. Get þess til gamans að vallhumallinn í garðinum er einmitt tileinkaður Hildi en í samtali fyrir alllöngu sagðist hún myndu taka hann með sér á eyðieyju, hann sé okkar fjölhæfasta lækningajurt.

Að innbyrða fegurð með öllum skilningarvitunum getur að ég held liðkað fyrir göðri líðan og fært okkur ró í beinin. Ég leyfi mér að fullyrða að það að borða blóm við sérhvert tækifæri, drekka af þeim te, nýta í salöt og þurrkuð sem kökuskraut og heilt yfir að rækta garðinn sinn sé hollt fyrir líkama og sál, hvort heldur er að vori, sumri, hausti eða vetri. Samverustundin á kaffihúsi safnsins á aðventunni verður vaflost ljúf og aukinheldur tækifæri til að smakka tein og kíkja í garðinn og á yfirstandandi sýningar.

Edda Kristín Sigurjónsdóttir, garðyrkjufraeðingur, vinnur í myndlist og ritsýrir menningarmiðlinum Edda og Greipur mæla með.



Sjálfssáður reyniviður, birki og fleiri þrautseigar tegundir.



Morgunfrúin hefur ríkulegan lækningamætti.



Falleg daggrós (Rosa glauca) sem hefur lengi verið í garðinum.

Tryggðu sér þátttökurétt á NM Unglinga

1. flokkar fimleikadeildar Selfoss áttu um helgina frábært mót en bæði 1. flokkur stúlkna og 1. flokkur mix sigruðu í sínum flokkum á Haustmóti Fimleikasambands Íslands. Með glæsilegum sigrum tryggðu liðin sér um leið þátttökurétt á Norðurlandamóti unglunga (NMJ) sem fram fer í Noregi í apríl.

Liðin sýndu frábæra fimleika og lentu öll 72 stökkinn sem þau kepptu með og áttu stórgóðar gólfæfingar. Frammistaðan ein kenndist af sterkri liðsheild, leikgleði og áræðni– og það sást skýrt að metnaður og þrotlaus vinna síðustu mánaða var að skila sér á gólflið.

Þjálfarateymið vann af mikilli fagmennsku, og var uppskeran eftirminnileg: tvöfaldur sigur á úrtökumóti. Stúkan var að stórum hluta í vínrauðum lit og



1. flokkur stúlkna og 1. flokkur mix ásamt þjálfurum eftir Haustmót. Mynd: UMFS.

stuðningurinn frá áhorfendum ómetanlegur, sem gaf liðunum

aukinn kraft í gegnum keppnina. Nú hefst undirbúningur fyrir

NMJ af fullum krafti og við hlökkum mikið til! UMFS

Glæsileg uppeskeruhátíð í Hliðskjálfi

Uppeskeruhátíð yngri flokka hjá Sleipni fór fram 27. nóvember sl. í Hliðskjálfi. Hátíðin heppnaðist vel í alla staði. Boðið var upp á mat og ýmsa leiki og var þátttakan góð.

Á hátíðinni voru veittar ýmsar viðurkenningar. Pollarnir fengu sérstakar viðurkenningar fyrir frábæran áhuga og árangur á árinu. Þá fengu knapar sem kepptu á Íslandsmeistaramótinu viðurkenningar fyrir afreksþátttöku og að auki voru veittar viðurkenningar til knapa sem luku Knapamerki 1.

Svölu Björk Hlynisdóttir var veitt viðurkenning fyrir knapa ársins 2025 í barnaflokk. Gabríela Máney Gunnarsdóttir, Kamilla Nótt Jónsdóttir og Sigrún Freyja Einarsdóttir voru tilnefnd ásamt Svölu í knapa ársins í barnaflokk.

Elsu Kristín Grétarsdóttir var veitt viðurkenning fyrir knapa ársins 2025 í unglíngaflokk. Loftur Breki Hauksson, Vigdís Anna Hjaltadóttir og Viktor Óli Helgason voru öll tilnefnd ásamt Elsu í knapa ársins í unglíngaflokk.



Bókakvöld á Klaustri

Héraðsbókasafnið Kirkjubæjarklaustri fékk til sín góða gesti nú á miðvikudagskvöldið sem annars vegar voru rithöfundar sem kynntu nýútkomnar bækur sínar og hins vegar áheyrendur sem komu og hlýddu á skemmtilega upplestra.

Lilja Magnúsdóttir las upp úr skáldsögu sinni Feluleikir.

Guðjón Ragnar Jónason fór mikinn í kynningu á Sögubáttum landpóstanna.

Að lokum voru það Hjalti Jón Sveinsson og Hermann Árnason með bókina Frelsi í faxins hvin - riðið í strauminn með Hermanni Árnasyni, sem kynntu hana af fagmennsku og gleði.

Þetta var skemmtileg kvöldstund þar sem léttleiki og tilfinningar spiluðu saman.

Eftir upplesturinn var hægt að höndla áritaðar bækur og spjalla og njóta stundarinnar yfir kaffibolla.

Lilja Magnúsdóttir komst svo að orði í ummælum um bókakostinn:

“Sögur landpóstanna kölluðu á hestamanninn Hermann að ríða vötnin og aðalpersónan í Feluleikjum á föður sem brúaði vötnin á meðan hún þroskaðist í móðurkviði og svo óku þau feðginin yfir Núpsvötnin á græna Broncónum. Ólíkar bækur en þó allar um fólk á ferð og íslenskan veruleika - sannan og loginn.”

Bækurnar eiga það sameiginlegt að söguviðið er að hluta til í Skaftárhreppi hvort sem þær eru skáldsögur eða gerast í raunveruleikanum.

Að lokum þökkum við öllum sem mættu og eða aðstoðuðu á einn eða annan hátt.



ÞRUMU LOSTIN

Við vorum öll þrumu lostin

Frá hægri

Frá vinstri

Héðan og þaðan

Beint í hausinn

Það var of villt til að anda

Hugsa

Biðja

Kveina

Hvað stóð þetta lengi?

Það virtist heil eilífið

Gnauðið í vindinum

Svo sagði einhver,

„Þetta er búið . . .”

En það var rétt að byrja.

GABRIEL ROSENSTOCK, Írlandi

Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu skáldsins úr “Riders on the Storm”, Kallatumba Press, San Francisco

Málverk eftir Jinta Hirayama, Japan

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið húsÞriðjudagar kl. 11-13
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkiðMiðvikudagar kl. 11-14
Opið húsFimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13
Opið húsFyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, SelfossiSími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smárarnir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLANDBókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Copilot - hvað er það?

lærðu að nýta gervigreindina
í leik og starfiFræðsla og ráðgjöf
í upplýsingatækni
decasoft@decasoft.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
4. desember kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 4. desember kl. 14:00

ADVENTUHÁTÍÐ
ELDRI BORGARA
HUGVEKJA, SÖNGUR
OG JÓLASAGAKaffihlaðborð kvenfélagsins
verð 2.500 kr.

KIRKJUR

Guðsþjónusta

Laugardaginn 6. desember
klukkan 11:00Jón Hjörleifur leiðir
Biblúrannsókn.
Adam Ramdin predikar.Barna og unglingastarf á sama
tímaSafnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi

Allir hjartanlega velkomnir

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40bFjölskyldusamkoma og helgi-
leikur á sunnudaginn kl.11:00

English translation available.

Unglingasamkomur á fimmtu-
dögum kl. 20:00

Allir innilega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

Hinn árlegi helgileikur barna og
unglinga verður annan sunnu-
dag í aðventu 7. desember kl
11. Bergþóra Ragnarsdóttir
djákni og Jón Bjarnason organ-
isti annast utanumhald og undir-
búning. Börn úr skólum presta-
kallsins flytja okkur jólaboðskap-
inn í tali, tónum og leik. Innilega
velkomnir!

Stokkseyrarkirkja:

Aðventusamvera annan sunnu-
dag í aðventu 7. desember kl.
11:00
Kammerkórinn syngur, Sæbjörg
Eva Hlynisdóttir leikur á flautu.
Kantor Pétur Núi Stefánsson.
Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Selfosskirkju

Aðventukvöld annan sunnudag í
aðventu 7. desember kl. 18:00
Kirkjukórinn, Unglingakórinn og
Barnakórinn syngja, stjórnendur
Edit A. Molnár og Bergþóra
Kristínardóttir. Einsöng syngur
Anna Maria Konieczna.
Undirleikari Miklos Dalmay.
Hugvekju flytur Þjórhildur
Guðbjörg Hjaltadóttir. Prestur
Guðbjörg Arnardóttir.
Sunnudagaskólinn á sínum tíma
kl. 11:00. Umsjón Sjöfn ásamt
leiðtogum.

Hveragerðisprestakall

Kl. 11:00 Jólalund barnanna í
Hveragerðiskirkju. Dansað í
kringum jólatré og jólasveinar
koma í heimsókn. Barnakór
Hveragerðiskirkju syngur.

Þykkvabæjarkirkja

Aðventuguðsþjónusta verður 2.
sd. í aðventu 7. des. kl. 20.00.
Kórinn syngur aðventu- og jóla-
sálma og ljósin látn njóta sín.
Fermingarbörnin aðstoða við at-
höfnina. Jóláhressing að
messu lokinni.
Verið öll hjartanlega velkomin.
Sr. Halldóra

Aðventumessa

verður í Árbæjarkirkju í Holtum
7. desember kl. 14.00 og í
Marteinstungukirkju kl. 16.00.
Kórarinn leiða söng, fjölbreytt
tónlist og ljósin fá sinn sess.
Kaffi og með því eftir messu.
Verið öll velkomin.Viðburðarveisla í
Blómaborg á
aðventunni

Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson, ásamt fríðu föruneyti, mun halda fjöl-
breytta viðburðarröð í Blóma-
borg í Hveragerði á aðventunni
og yfir áramótin. Það ættu allir
að geta fundið eitthvað við sitt
hæfi á fjölmörgum tónleikum,
ljóðakvöldi, jólamarkaði og
möntrukvöldum.

Aðventuveislan í Blómaborg
hefst á fyrsta í aðventu með
kraftmiklum tónleikum Jónasar
Sig og rybmabráðrum hans,
Arnari Gíslasyni, trommuleika-
ra og Guðna Finnssyni, bassa-
leikara.

Þeir þrír hafa flutt tónlist
saman síðan þeir ferðuðust
saman hringinn í kringum Ís-
land á viðarbatnum Húna um
árið. Mugison stígur á stokk
og mánaðarlegu möntrukvöldin
verða á sínum stað. Ljóðakvöld
í Blómaborg á aðventunni er
orðinn árlegur viðburður þar
sem skáld-og höfundar koma
fram og lesa ljóð og smásögur.
Þar að auki verður kósýkvöld
með tónlistarkonunni Krist-
rínu Kristjáns, hin árlegi jóla-
markaður Blómaborgar verður
á sínum stað og árinu verður
síðan lokað með goðsögninni
Magnúsi Þór Sigmundssyni.

„Ég er mjög peppaður með
þetta allt saman,“ segir Jónas



um viðburðarröðina. „Við
keyptum Blómaborg og fluttum
til Hveragerðis fyrir tveimur
árum og höfum verið að koma
þessu öllu á sinn stað, hægt og
rólega. Markmiðið var alltaf að
gera eitthvað fallegt, heilandi
og skemmtilegt fyrir samfélag-
ið og þessir viðburðir sem við
erum að standa fyrir eru klár-
lega þáttur í því að sá draumur
verði að veruleika. Eitt skref í
einu.“

Allir viðburðirnir hefjast
klukkan 20.00 fyrir utan jóla-
markaðinn, laugardaginn 6.
desember, sem stendur frá
10.00 – 16.00. Takmarkaður
miðafjöldi er á hvern og einn
viðburð. Nánari upplýsingar og
miðasala er á www.blomaborg.
is.

HEILSA

KÍRÓPRAKTORSTOFA
- SELFOSS -Tímamóttakarar í síma 482-2828
eða í noona appinu.

Heilsa

Mörg heilsuvandamál stafa af
óhollu matarræði, skorti á
hreyfingu og neikvæðu
hugarfari.

Ég býð núna upp á stutt
námskeið fyrir einstaklinga,
fjölskyldur og litla hópa um
bætta heilsu með gönguferðum
eða öðrum æfingum, með hollu
og einföldu matarræði og
aðferðum til að minka stress og
áhyggjur.

Er einnig með augnlestur sem
getur sagt margt um stöðu
heilsunnar; líkamlega og
andlega. Er líka með
svæðanudd, nudd og dáleislu.
Heiðar Ragnarsson s. 898 1501
sms eða símtöl (ef ég næ ekki
að svara, sendið þá sms).

FUNDIR

Vöflukaffi

Möndlugrautur verður í sal
okkar á laugardaginn 6 des
kl. 11 að Eyravegi 15,
jólalæsting. Gestur okkar
verður Bjarni Harðarson
bókaútgefandi, mun hann
fara yfir sína útgáfu í ár.
Öll velkomin.“

Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Er líða fer að jólum - Jólatónleikar Söngsveitar Hveragerðis

Er líða fer að jólum fer fólk að huga að hefðunum. Margir hverjir ólust upp við það að fjölskyldan kom saman við að skera laubabrauð, smákökubakstur og fjölskyldufundur taka krakkana með í yfirferð á ljósaseríum sem endar oft í búðarferð við að kaupa nýjar seríur.

Það að sjá desember drungann víkja fyrir ljósum í gluggum og upp ljómast borgir og bæir, er dásamleg upplifun. Allstaðar er fólk á þönum og heyra má tónlistina óma undur blítt úr hverri verslun.

Allt er þetta hluti af undirbúningi jólanna og hafa margar hefðir lifað kynslóð fram af kynslóð sem okkur finnst ómissandi nú er líða fer að jólum. Margir líta svo á, að það verði að fara á jólatónleika fyrir jólin og fá yfir sig jólaandann sem svífur yfir á slíkum tónleikum.

Okkur í Söngsveit Hveragerðis finnst einmitt ómissandi að halda okkar árlegu jólatónleika á aðventunni og halda í hefðina að bjóða gestum okkar upp á heitt súkkulaði og smákökur að tónleikum loknum.

Yfirskrift tónleikanna

okkar að þessu sinni er einmitt “Er líða fer að jólum”. Þetta dásamlega jólagagn eftir Gunnar Þórðarson við texta Ómars Ragnarssonar teiknar upp svo fallega mynd af því hvernig drunginn í desember vikur fyrir ljósum og gleðinni sem í vændum er.

Dagskrá tónleikanna er fjölbreytt, klassísk jólalög í bland við eitthvað nýtt. Einnig fáum við til liðs við okkur nemendur frá Tónlistarskóla Árnesinga, trompetleikarann Jóhann I. Stefánsson og Ester Ólafsdóttir meðleikur á píanó. Forsala miða fer fram laugardaginn 6. desember í Sunnumörk í Hveragerði (há Bónus) en þar verður kórinn með kökubasar sem byrjar kl.11:00. Einnig er hægt að nálgast miða hjá kórfélögum. Miði í forsölu kostar 4.000 kr. en 4.500 kr. í hurðinni á tónleikunum. Við erum ekki með posa en hægt er að leggja inn á reikning kórsins. Okkur langar að sjá ykkur sem flest á jólatónleikunum okkar sem verða haldnir í Hveragerðiskirkju sunnudagskvöldið 7. desember kl. 20:00.



FRAMSÓKNARFÉLAG

ÁRBORGAR BOÐAR TIL

FÉLAGSFUNDAR

kl. 20:00

4. desember

Sal Framsóknar, Eyravegi 15

Kosið verður um framkvæmd prófkjörs til sveitastjórnar.

Öll velkomin!

Framsókn í Árborg

Jólagjöfin í ár!

Nýjasta jólagagn Selfyssingsins Björgvins Þórs Valdimarssonar er komið í 5 laga úrslit í Jólagagakeppni Rásar 2. Lagið heitir Jólagjöfin í ár! Lagið fjallar um jólagjafakaup okkar Íslendinga og allar vangavelturnar sem koma upp þegar velja á réttu jólagjöfina. Hægt er að kjósa lagið í appinu: Ruv Stjörnur.

Það eru margir Selfyssingar sem koma að þessu lagi en aðalsöngvari lagsins er Berglind Magnúsdóttir en hún býr á Selfossi. Það dugði ekkert minna en að fá Karlakór Selfoss og féлага úr Karlakór Reykjavíkur til að taka undir með henni. Svo eru það snillingarnir í Lúðrasveit

Þorlákshafnar sem sjá um undirleikinn.

Það er búið að gera myndband við lagið en það er tekið upp í nýja miðbænum á Selfossi í jólabúningi. Myndbandið er tekið upp og unnið af Selfyssingnum Roari Aagestad. Stefán



Örn Gunnlaugsson sá um upptökur og hljóðblöndun og Sigurdór Guðmundsson masteraði lagið. Lagið er einnig að finna á Spotify.



Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Hafnarsvæði H3 og samfélagsþjónustusvæði S4

Lögð er fram breyting á aðalskipulagi er snertir H3 og S4 auk svæðanna OP1 og OP3. Til stendur að útvíkka H3 til að efla hafnarsvæðið umhverfis Suðurvegarbryggju og bæta við nýju athafnarsvæði AT8. Þá stendur einnig til að stækka reit S4 til að hægt sé að koma fyrir hjúkrunarheimili að Egilsbraut 9.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 27. nóvember 2025.

Egilsbraut 9 - hjúkrunarheimili - Breyting á deiliskipulagi

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi Egilsbrautar 9. Skipulagssvæðið er stækkað og bætt við nýrri 10.561 m² lóð. Afmarkaður er byggingarreitur fyrir hjúkrunar- og dvalarheimili og tengda þjónustu. Nýtingarhlutfall lóðar er 0,68. Hús geta verið á allt að fimm hæðum. Bílastæði skulu vera innan byggingarreits og eru sýnd til skýringar á uppdrætti. Innan lóðar er gert ráð fyrir aðlaðandi útisvæðum og gönguleiðum sem tengjast við stígakerfi Þorlákshafnar.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 27. nóvember 2025.

Þorlákshafnarlína 2 - Breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram breyting á Aðalskipulagi Ölfuss vegna fyrirhugaðs jarðstrengs til Þorlákshafnar sem ber nafnið Þorlákshafnarlína 2. Um er að ræða 132 kv jarðstreng sem kemur til með að liggja meðfram Þorlákshafnarvegi milli Hveragerðis og Þorlákshafnar.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 25. september 2025.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með 15.1.2026. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn
-

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Sviðsstjóri
Skipulags- og lögfræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlaða til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kæruheimild, sbr. 26. gr., andmæla-rétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga. Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is



534 9600
www.heyirn.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Persónulegar
jólagjafir

honnun.prentmetoddi.is

Myndabækur • Dagatöl • Kort • Ljósmyndir • Nafnspjöld

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



ÖKUKENNSLA
Á SUÐURLANDI

897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilwerk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is



**HJÓLA-
STÓLABÍLL**
SÍMI
777 5422

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá
BYKO Selfossi

**ÖLL
ALMENN
SMÍÐAVINNA**

LÖGGILTIR
HÚSASMÍÐAMEISTARAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM



SÍMI: 848-0964



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is



LAGNIR

**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildirur
- Sandgildirur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA
FYRIR/ÆKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG



510-1180 / 669-8441

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is